

# Skóp

## Atvinnu- og nýsköpunarsetur

Viðskiptaáætlun unnin fyrir Markaðsstofu Kópavogs af Sigríði Ingvarsdóttur og Birni Jónssyni í maí-ágúst 2022



Markaðsstofa  
Kópavogs

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Kópavogur .....	3
Skóp.....	3
Skóp – Nýsköpunarsetur Kópavogs.....	5
Opinberar áherslur.....	6
Sóknarfæri.....	7
Staðsetning .....	8
Álitsgjöf frá aðilum á Skóp .....	9
Menntaskólinn í Kópavogi.....	10
Þróun og ýmis tækifæri.....	12
Fjármál .....	13
Stofnefnahagur .....	13
Rekstaráætlun.....	15
Efnahagur .....	16
Sjóðstreymi .....	17
Frumkvöðlasetur .....	18
Aðgerðaráætlun .....	19
Samantekt og lokaorð .....	20

## Inngangur

Atvinnu- og nýsköpunarsetrið Skóp var stofnsett í apríl árið 2021 með stuðningi frá Kópavogsbæ, Íslandsbanka og NTV skólanum, með það að markmiði að ýta undir nýsköpunarstarfsemi í bæjarfélaginu, fjölga störfum og auka útsvarstekjur Kópavogs. Markaðsstofa Kópavogs hefur annast rekstur setursins, sem er til húsa á 2. hæð að Engihjalla 8 í Kópavogi. Aðsókn að setrinu hefur verið með ágætum og er setrið nú fullnýtt, en smæð þess, takmarkað rými og aðstöðuleysi er farið að há starfseminni verulega.

Mikill áhugi er hjá aðstandendum setursins, frumkvöðlum og fyrirtækjum að útvíkka starfsemina og byggja upp öflugra og stærra setur. Nýsköpunarsetur sem myndi bjóða upp á fjölbreyttara, stærra og betra húsnæði, faglega aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki, sterkara tengslanet og samstarf til að aðstoða frumkvöðla og sprotafyrirtæki við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Í greinagerð þessari er lagt til að byggð verði upp framsækin miðstöð tæknipróunar á Íslandi auk hátækniklasa, í nánu samstarfi við háskólasamfélagið og tæknifyrirtæki. Sett er fram þriggja ára áætlun varðandi næstu skref Skóp. Milliskref frá núverandi stöðu sem verður undanfari að uppbyggingaáætlun varðandi Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs auk samstarfs við Tæknigarða ehf. og stafræna smiðju (Fab lab), sem saman munu mynda miðstöð nýsköpunar og tæknipróunar á Íslandi.

Stefnt verður að því að Tæknigarðar ehf. Verði fluttir frá Keldnaholti inn í þetta nýsköpunarsamfélag auk þess sem þeim sprotafyrirtækjum sem nú eru á Tæknisetri yrði einnig boðin aðstoða í Kársnesinu. Einnig veri stefnt að því að opna stafræna smiðju í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og Menntamálaráðuneyti.

Með fyrirhugaðri brú yfir Fossvoginn er Kársnessvæðið komið í beina tengingu við háskólasvæði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Borgarlína mun síðan tryggja góðar samgöngur við Kársnesið.

Þessi áætlun og þau áhersluatriði sem hér koma fram fara vel saman við þær áherslur sem birtast í málefnaáætlun nýs bæjarstjórnarmeirihluta í Kópavogi um eflingu nýsköpunar í bæjarfélaginu, en þar er kveðið á um að skoðuð verði uppbygging á Nýsköpunarsetri Kópavogs, stofnun hátækniklasa og aukið samstarf við háskólana. Einnig eru ýmsar aðrar opinberar áherslur og sóknarfæri sem styðja vel við þessa áætlun.

Í seinni hluta þessa verkefnis er farið yfir þau stuðningsúrræði og styrki sem í boði eru hér á landi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Samantekt á þeim upplýsingum er ætluð fyrir innra vefsvæði Skóp og er ekki birt sem hluti af þessari skýrslu.

Markmiðið með þessari vinnu er að marka næstu skref varðandi Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs. Kynna þær hugmyndir sem hér koma fram fyrir stjórn Skóp og bæjarstjórn og afla fylgis og fjármagns til að þær megi raungerast.

## Kópavogur

Lýðfræðilegar upplýsingar um Kópavog og helstu staðreyndir um atvinnustarfsemi.



## Skóp – Atvinnu- og nýsköpunarsetur (núverandi staða)

Hugmyndin að opnun frumkvöðlaseturs í Kópavogi kviknaði haustið 2019, á vinnustofu verkefnahóps aðildarfélaganna Markaðsstofu Kópavogs, þegar verið var að rýna Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 9. „Nýsköpun og uppbygging“.

Atvinnu- og nýsköpunarsetrið Skóp var stofnsett í aprílmánuði 2021 með stuðningi frá Kópavogsbæ, Íslandsbanka og NTV skólanum. Skóp er til húsa í 40 fermetra rými á 2. hæð að Engihjalla 8 í Kópavogi. Eingöngu er um opið rými að ræða, með 8 starfsstöðvum þar sem lögmálið fyrstur kemur - fyrstur fær ræður ríkjum.

Meginmarkmið með stofnun Skóp var að fjölga störfum í Kópavogi og vernda þannig útsvarstekjur bæjarins.

Markaðsstofa Kópavogs á og rekur Skóp sem sérstaka deild. Markaðsstofan er sjálfseignarstofnun í eigu Kópavogsbæjar og fyrirtækja í bænum. Eitt af meginmarkmiðum Markaðsstofu Kópavogs er að vinna að atvinnuþróun og nýsköpun. Því samræmist rekstur Skóp vel starfsemi hennar.

Einn starfsmaður í hlutastarfi hefur sinnt frumkvöðlum og fyrirtækjum hjá Skóp auk þess sem framkvæmdastjóri markaðsstofunnar sinnir málefnum setursins auk annarra starfa fyrir Markaðsstofu Kópavogs.

Á fyrsta rekstrarári Skóp, þ.e. frá apríl 2021 til maí 2022, sóttu rúmlega 50 aðilar um aðstöðu á frumkvöðlasetrinu. Í júní 2022 eru um 20 virk verkefni með um 30 einstaklinga sem haft hafa aðstöðu á setrinu.

Eins og staðan er núna er í gangi vinna við fjölbreytt verkefni sem eru mislangt á veg komin. Á Skóp eru nú átta nýstofnuð fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref. Þau eru að markaðssetja og selja vörur og þjónustu sem unnið hefur verið að með stuðningi Skóp. Samtals eru starfsmenn þessara fyrirtækja 10-12 þar af eru sumir í hlutastarfi.

Dæmi um verkefni sem unnið er að:

1. Rafeldsneyti framleitt úr sjó úti á hafi.
2. Vistvænar pökkunarlausnir
3. Viðhaldshugbúnaður fyrir framleiðslutæki fyrir stóriðju og útgerðarfyrirtæki.
4. Rafrænt markaðstorg
5. Gæludýrafóður úr fiskúrgangi
6. Sögukennsla með sýndarveruleika
7. Kennsla með hreyfingu
8. Foreldra- og jafningjafræðsla
9. Heimsent heilsu- og sjúkrafæði
10. Lífrænar sápur

Nú er svo komið að ekki komast fleiri að á setrinu. Mikil þörf er á fjölbreyttara og stærra rými þar sem einnig væri hægt að leigja afmarkað rými, þar sem fyrirtækin gætu haft fasta aðstöðu og sinn eigin búnað. Þátttakendur hafa kallað eftir því að geta gengið að því vísu að til staðar sé laus aðstaða er þeir mæta til vinnu. Eins vilja þeir hafa aðstöðu til að geyma búnað, tæki og gögn á sinni vinnustöð, í stað þess að þurfa alltaf að taka allt saman að vinnudegi loknum.

### **Markhópur Skóp**

Nú miðast markhópur Skóp eingöngu við aðila og fyrirtæki í Kópavogi, en það gæti breyst t.d. með aukinni samvinnu og góðum samlegðaráhrifum við nágrannasveitarfélögin. Með útvíkkun á starfseminni og með tilkomu hátækniklasa myndi markhópurinn stækka til muna. Eins og staðan er í dag er markhópurinn eftirfarandi:

- Einstaklingar með viðskiptahugmynd.
- Fólk í atvinnuleit.
- Einyrkjar.
- Fyrirtæki á fyrstu stigum.
- Starfandi sprotafyrirtæki.
- Fyrirtæki sem eru tilbúin til samstarfs við Skóp og vilja nýta starfsemina og aðstöðuna til að bæta eigin rekstur með nýsköpun í hugsun og hegðun.

### **Næstu skref varðandi Skóp**

Til að starfsemi Skóp geti vaxið og dafnað þarf að vinna markvisst að fjölmörgum þáttum.

- Finna þarf stærra og hentugra húsnæði fyrir starfsemi Skóp. Nú er svo komið að fyrirtæki geta ekki aukið við mannafla innan setursins og mikil þörf er á fjölbreyttara

rými, aflokuðu rými til einkanota fyrir ákveðin fyrirtæki, fleiri starfsstöðvum og betra fundarrými. Huga þarf að stækkun strax og horfa til a.m.k. tveggja til þriggja ára.

- Gera þarf nýjan samning við Kópavogsbæ varðandi rekstur setursins þannig að bæjarfélagið kosti einn starfsmann og taki þátt í aðstöðukostnaði.
- Leita þarf leiða til að fá fleiri styrktaraðila til liðs við setrið.
- Gera þarf samstarfssamninga varðandi jákvæð samlegðaráhrif s.s. við Garðabæ og Hafnarfjörð, Menntaskólann í Kópavogi, Gerðasafn, Salinn, Bókasafn Kópavogs o.fl.
- Setja þarf upp innra vefsvæði fyrir aðila inn á Skóp varðandi gagnlegar upplýsingar um aðstoð, styrki, fræðslu, tengsl o.fl. (upplýsingar sem unnar voru fyrir þessa viðskiptaáætlun er ætlað á þetta innra svæði)
- Ráða þarf starfsmann sem getur sinnt faglegri ráðgjöf við frumkvöðla og fyrirtæki Skóp, stækkun og eflingu Skóp auk þess að vinna í samstarfi við Markaðsstofu Kópavogs og bæjaryfirvöld í Kópavogs að framgangi framtíðarsýnar um Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs og stofnun hátækniklasa. (Sá starfsmaður sem vann í hlutastarfi hjá Skóp frá stofnun hefur látið af störfum svo nú er eingöngu framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar að sinna málefnum Skóp).

## Skóp – Nýsköpunarsetur Kópavogs (næstu skref)

Byggt á grunni Skóp og þeirri reynslu og þekkingu sem þar hefur skapast er vonast til að innan þriggja ára verði til stórt og öflugt Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs. Það setur yrði rekið undir hatti Markaðsstofu Kópavogs.

Finna þarf góða staðsetningu á Kársnesinu fyrir þetta setur.

Innan Skóp - Nýsköpunarseturs Kópavogs þarf að vera nærandi jarðvegur fyrir öflugan atvinnustarfsemi, fjölbreytt aðstaða fyrir einyrkja, lítil og meðalstór fyrirtæki sem geta vaxið og dafnað upp að ákveðnu marki innan setursins.

Í samstarfi ýmissa aðila þarf að vera til staðar öflug handleiðsla ásamt fræðsludagskrá og tengingar við háskóla og fyrirtæki.

Fara þarf í samtal við háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um möguleika þess að flytja Tæknisetur ehf. til Kópavogs í sambýli við Skóp – Nýsköpunarsetur Kópavogs. Tæknisetur ehf. var sett á laggirnar 2021 er Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður. Starfsemi þess er enn í þeim húsakynnum á Keldnaholti þar sem Nýsköpunarmiðstöðin var til húsa. Reykjavíkurborg og Betri samgöngur ehf. hafa undirritað viljayfirlýsingu (apríl 2022) um samstarf vegna þróunar og uppbyggingar Keldnalandis og Keldnaholts og flýtingu uppbyggingar innviða tveggja Borgarlínuleiða. Því þarf að finna Tæknisetri nýtt húsnæði sem enn hefur ekki fundist.

Hjá Tæknisetri á Keldnaholti leigja þó nokkur hátæknifrumkvöðlafyrirtæki auk þess sem það hýsir mikinn tækja- og rannsóknarbúnað, rafeindasmásjá, örsmíðaverkstæði og fleira sem tilvalið væri að fá inn í hátækniklasa í Kópavogi. Innan Tækniseturs eru einnig byggingarannsóknir og sá tækjakostur sem þeim fylgja.

## Opinberar áherslur

Hjá opinberum aðilum koma víða fram áherslur um eflingu nýsköpunar og atvinnulífs. Það er því í góðum takti við þessar áherslur sem vert er að skoða möguleika á sóknarfærum í Kópavogi til að stórauka frumkvöðlastarfsemi og fjölga sprotafyrirtækjum í bænum, með því m.a. að opna nýtt og stærra nýsköpunarsetur sem býður upp á faglega aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki auk þess að efla samstarf hinna ýmsu aðila sem hafa gagnkvæman hag af framgangi þessara mála.

**Í málefnasamningi nýs meirihluta í Kópavogi 2022-2026**, kemur fram skýr áhersla á eflingu nýsköpunar í Kópavogi og auknu samstarfi við háskólana, en þar segir:

*„Fjölbreytt fyrirtæki sem skapa verðmæt störf eiga heima í Kópavogi. Við viljum skoða uppbyggingu nýsköpunarseturs Kópavogs í vestur- eða austurbæ Kópavogs. Auk þess sem við ætlum að skoða hátækniklasamyndun í efri byggðum. Við viljum einnig efla samstarf við háskólana.“*

**Í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu** kemur fram skýr vilji til að efla nýsköpun. Sérstaklega eru tilteknir eftirfarandi áhersluþættir:

- Auka stuðning við nýsköpun og nýsköpunarfyrirtæki
- Leggja grunn að nýsköpunarsjóði höfuðborgarsvæðisins
- Auka áherslu á nýsköpun í úrgangsmálum
- Skoða tækifæri höfuðborgarsvæðisins í ferðaþjónustu
- Skoða hvort nýta meg frekar framsæknar og lausnamiðaðar nýsköpunarhugmyndir í menntamálum fyrir höfuðborgarsvæðið sem heild sbr. Fab Lab og Betri borg fyrir börn
- Auka áherslu á nýsköpun í velferðarmálum t.d. til að skapa fjölbreyttari þjónustu við aldraða

**Í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu** kemur einnig fram undir liðnum „*Samvinna sveitarfélaga*“, að stefnt sé að því að efla svæðasamvinnu og samstarf á höfuðborgarsvæðinu og koma á einu samvinnurými í kjarna hvers sveitarfélags. Rýmin yrðu staðsett þar sem Borgarlína stoppar. Einnig eru sett fram markmið um að fjölga samstarfsverkefnum höfuðborgarsvæðisins um 30% og fjölga frumkvöðlafyrirtækjum um 5% á þessu 5 ára tímabili.

### Sóknaráætlanir landshluta

Huga þarf að þeim atriðum sem Kópavogsbær vill leggja áherslu á í nýrri sóknaráætlun landshlutanna og koma þeim á framfæri.

Árið 2019 voru undirritaðir samningar milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024. Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir og taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim kemur fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun. Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál styður landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð sóknaráætlana og samninga milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta.

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur eftirtalinna aðila:

- sveitarfélaga
- ríkisstofnana
- atvinnulífs
- menningarlífs
- fræðasamfélags
- annarra haghafa í hverjum landshluta

Byggðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál bera ábyrgð á mati á framvindu sóknaráætlana og eftirliti með fjárreiðum þeirra.

Það er því í samræmi við markmið, áherslur opinberra aðila og málefnasamning meirihlutans í Kópavogi að stefnt sé að opnun á stærra og fullkomnara nýsköpunarsetri fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki til að efla atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu.

## Sóknarfæri

Mörg tækifæri eru til sóknarfæra og samstarfs bæði þegar kemur að stækkun Skóp – Atvinnu- og nýsköpunarseturs til styttri tíma og eins varðandi yfirfærslu upp í stórt og öflugt Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs. Má þar m.a. nefna:

- Samstarf við Hafnarfjörð og Garðabæ t.d. varðandi aðstöðu, kynningarmál og faglega handleiðslu. Sameiginlega vefsíðu, upplýsingagjöf og fræðsludagskrá fyrir frumkvöðla. Auk þess sem til greina kæmi að frumkvöðlar gætu haft aðgang að tækjum, búnaði, húsnæði og sérfræðiþekkingu á setrum hjá hinum bæjarfélögum.
- Samstarf við Grósku, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík t.d. varðandi aðgengi að tækjabúnaði, rannsóknaraðstöðu, nemendaverkefnum, sameiginlegum styrkumsóknum, tengslaneti o.fl.



- Samstarf við Menntaskólann í Kópavogi sérstaklega varðandi matartengd fyrirtæki varðandi aðgengi, þar sem í MK er að finna góða matreiðslu- og bökunaraðstöðu. Auk þess sem forsvarsmenn skólans hafa mikinn áhuga á verkefnum tengdum matarsóun og hringrásarhagkerfinu.
- Aukið samstarf við atvinnulífið t.d. hvað varðar styrkveitingar, samstarf, aðgengi að tækjamálum og aðstöðu.
- Aukið samstarf við Salinn í Kópavogi, Bókasafn Kópavogs og Gerðasafn sérstaklega hvað varðar frumkvöðla og fyrirtæki sem starfa í skapandi greinum. Skoða hvort þessir staðir gætu opnað fyrir tímabundna aðstöðu fyrir frumkvöðla, viðburði, fræðslu og vinnusmiðjur, fundaraðstöðu o.fl.
- Mögulegur flutningur Tækniseturs ehf. í Kópavog í sambýli við Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs ásamt frumkvöðlafyrirtækjum og rannsóknarbúnaði sem enn er staðsettur á Keldnaholti til bráðabirgða.
- Samkvæmt 9. gr. laga um opinberan stuðning við nýsköpun<sup>1</sup> kemur fram að ráðherra sé heimilt að gera samninga við opinbera aðila eða einkaaðila um framkvæmd ýmissa verkefna á sviði nýsköpunar, svo sem samninga um rekstur stafrænna smiðja. Því er vert að kanna möguleika á stuðningi ríkisvaldsins við að koma á fót stafrænni smiðju í Kópavogi.

## Staðsetning

Í málefnasamningi nýs meirihluta í Kópavogi kemur fram að meirihlutinn vilji skoða „uppbyggingu nýsköpunarseturs Kópavogs í vestur- eða austurbæ Kópavogs.“ Þegar litið er til hagstæðrar staðsetningar slíks seturs eru ýmis sjónarmið sem koma upp s.s. aðgengi að almenningssamgöngum, framboð af bílastæðum, nálægð við ákveðna staði o.s.frv. Þeir staðir sem oftast voru nefndir á vinnufundi með frumkvöðlum í Skóp voru Kársnesið, Hamraborgin og Smárahverfið.

### Kársnes

Sé litið til framtíðar og háleitem hugmyndum haldið á lofti, þá er Kársnesið að margra mati ákjósanlegur staður fyrir Skóp – Nýsköpunarsetur Kópavogs og sem miðstöð tækniþróunar á Íslandi. Kársnesið gæti þannig verið segull sem gæti innhaldið framsækið frumkvöðlasetur með faglega umgjörð, tæknisetur og Fab lab – stafræna smiðju. Þar geta sk. Tæknigarðar verið staðsettir sem myndu laða að stór sem smá tæknifyrirtæki þannig að iðnaðarhverfið á Kársnesi getur umbreytt í hátækniklasa Íslands. Með nýrri brú yfir Fossvoginn er þetta svæði í beinni tengingu við háskólasvæði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, auk þess sem Borgarlína mun í framtíðinni tryggja góðan almennan aðgang að svæðinu.

---

<sup>1</sup> Alþingi Þingskjal 1234, 151. Lögjafarþing 322. Mál: opinber stuðningur við nýsköpun. Lög nr. 25 23. Apríl 2021

### **Hamraborg**

Hamraborgin er gamli miðbæjarkjarni Kópavogs. Þar er stjórnslósla bæjarins til húsa, Gerðasafn, Salurinn og Bókasafn Kópavogs auk fjölda verslana, veitingastaða og skrifstofuhúsnæðis. Samt sem áður mætti auka til muna nýtingu á þessu svæði og fá meira líf þar inn. Það hefur sýnt sig að það verður annar bragur á svæðum þar sem starfrækt hafa verið frumkvöðlasetur og bæjaryfirvöld hafa viljað glæða meira lífi. Gott dæmi um þetta er þegar Setur skapandi greina opnaði við Hlemm og Frumkvöðlasetrið Kveikjan tók til starfa í Strandgötu í miðbæ Hafnarfjarðar. Það er einnig vert að horfa til Gerðasafns, Bókasafns Kópavogs og Salarins í Kópavogi, hvort ekki sé ástæða til að nýta betur það húsnæði og glæða meira lífi með því að fá þar inn nýja starfsemi og þjónustu í góðri blöndu við það sem fyrir er. Gott dæmi um slíka blöndun á starfsemi er Bókasafnið í Helsinki. Þar hefur bókasafnið verið opnað fyrir allskonar þjónustu og starfsemi t.d. er hægt að leigja þar fundarsali, þar er stafræn smiðja og handavinnusmiðja. Þar er vinsælt að koma saman með ýmskonar klúbbastarfsemi s.s. mömmuhópa, spilahópa og námskeið svo eitthvað sé nefnt. Bókasafnið í Helsinki er orðið mikið aðdráttarafl fyrir unga jafnt sem aldna og þar hefur tekist einstaklega vel til með að blanda saman margskonar starfsemi.

### **Smárahverfi**

Smárahverfið er mun nýrra hverfi en Kársnesið og Hamraborgin. Þar er að finna næg bílastæði og góðar samgönguleiðir bæði til Reykjavíkur og eins til Garðabæjar, Hafnarfjarðar og á Reykjanesið. Smáralind með alla sína þjónustu er mikið aðdráttarafl jafnt fyrir Kópavogsbúa sem og annarra landsmanna.

## **Álitsgjöf frá aðilum á Skóp**

Vinnufundur með frumkvöðlum og fyrirtækjum á Skóp var haldinn 21. júní sl. Markmiðið með fundinum var að fá fram skoðanir og gagnlegar umræður um Skóp s.s. um aðstöðuna, fyrirkomulagið og þjónustuna auk þess að fá fram svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvað er vel gert innan Skóp
- Hvað mætti gera betur innan Skóp
- Hvernig viljum við sjá Skóp í framtíðinni
- Hvers konar faglega aðstoð og aðstöðu vilja frumkvöðlar hafa aðgengi að innan Skóp.
- Hver er ákjósanlegasta staðsetning fyrir Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs að mati þátttakenda.

Á vinnufundinum unnu þátttakendur sjálfstætt og hver og einn svaraði spurningunum á þar til gerða miða, auk þess sem talsverðar umræður spunnust um hin ýmsu álitamál. Heilt á litið þá var talsverður samhljómur hjá þátttakendum. Varðandi aðstöðu á setrunum kölluðu frumkvöðlar eftir stærra og fjölbreyttara vinnurými auk meiri og betri fundaraðstöðu. Hvað faglegu þjónustuna varðar þá voru allir sammála um mikla þörf fyrir

faglega ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu inn á setrinu en einnig var kallað eftir beinum rekstrartengdum atriðum sem falla ekki beint undir hlutverk Skóp.

Helstu niðurstöður vinnufundar:

Hvað er vel gert?

- Hagkvæm aðstaða
- Góð staðsetning
- Gott viðmót og þjónusta
- Gott samfélag

Hvað getum við gert betur?

- Stærra og fjölbreyttara vinnurými
- Meiri ráðgjöf, handleiðslu og fræðslu
- Þjóða upp á betri aðbúnað
- Rýmri opnunartími

Hvernig viljum við sjá starfsemina í framtíðinni?

- Stórt rými með fjölbreyttari fundaraðstöðu
- Góð kaffiaðstaða og setustofa
- Vera þekkt og í forystu – Þannig að það sé ákveðin gæðastimpill fyrirtækja að vera inn á setrinu
- Innan setursins sé uppbyggjandi samfélag og samvinna.

Hverskonar faglega aðstoð og aðstöðu vilja þátttakendur?

- Ráðgjöf við að sækja um styrki og fjármögnun
- Rekstrarráðgjöf
- Fræðsla og aðstoð við gerð viðskiptaáætlana
- Fræðsla um stofnun fyrirtækja, markaðsmál og rekstur

## Menntaskólinn í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi hefur þá sérstöðu hér á landi að hýsa Hótel og veitingaskóla Íslands auk þess að vera eini skólinn sem kennir allar matvælabrautir.

Í Verkmenntaskólanum á Akureyri er kennd öll matreiðsla og framleiðsla en ekki bakstur. Innan MK er einnig Leiðsöguskólinn. Menntaskólinn í Kópavogi býr að því að hafa mjög góða aðstöðu og frjóa kennara á matvælabrautunum sem eru opnir fyrir nýskapandi hugmyndum. Á sl. ári var þriðja kennslu-eldhús skólans endurnýjað og er skólinn nú með þrjú 14 nemenda kennslueldhús með afar góðri aðstöðu og tækjabúnaði.

Það sem háir verknámsbrautum MK er að það vantar fleiri nemendur, sem má teljast undarlegt miðað við hvað þetta nám er yfir höfuð að tryggja nemendum góð störf strax að útskrift lokinni. En reynslan hefur sýnt að einstaklingar sem útskrifast af matvælabrautum MK eru mjög eftirsóttir á vinnumarkaðinn hérlandis. Að sögn skólameistara er hreinlega slegist um nýútskrifaða nemendur frá MK og eru þeim yfir höfuð boðin mjög góð laun. Meðalaldur verknámsnema er hærri en nemenda í bóklegu námi (í kringum 25 ára aldurinn).

Í Menntaskólanum í Kópavogi er kennd almenn frumkvöðlafræði sem valfag fyrir þá nemendur sem eru í bóknámi. Aðsókn að þeim valáfanga hefur ekki verið mikil, en þeir nemendur sem taka þann áfanga hafa verið ánægðir með hann. Hins vegar er ekki kennd frumkvöðlafræði á matvælabrautunum og er það miður, því stór hluti nemenda hefur á einhverjum tímapunkti áhuga á að skoða eigin atvinnurekstur. Ljóst er að margir bakarar, kokkar og þjónar stofna eigin fyrirtæki og því er æskilegt ef hægt væri að koma að fræðslu um stofnun og rekstur fyrirtækja inn í námið. Gallinn er sá að ekki er um nein valfög að ræða í verknámi og því þyrfti að skoða hvort hægt sé að fella út einhverja aðra áfanga s.s. íþróttir sem er skylduáfangi, til að koma þessu fagi inn í námið. Það má finna mörg dæmi þess að tiltölulega nýútskrifaðir nemendur frá MK hafi farið beint í fyrirtækjarekstur. Sem nýleg dæmi um það er hægt að nefna fyrirtækin Lux veitingar og Sælkerabúðina.

Innan Menntaskólans í Kópavogi er mikill áhugi á að koma meira að nýsköpunarverkefnum tengdum matarsóun, hringrásarhagkerfinu og nýstárlegri nýtingu afurða. Í skólanum hafa verið unnin afar áhugaverð verkefni varðandi hráefni sem hingað til hefur verið sóað s.s. kartöflufloki. Skólinn er hluti af Valor verkefninu með Skútustaðarhreppi sem einmitt kemur mikið inn á þessa þætti.

Að sögn skólameistara eru gríðarleg nýsköpunartækifæri bæði í bakstrinum og kjötiðnaðinum en því miður vantar nemendur. Til dæmis er verið að fá mikið af erlendu vinnuafli, t.d. frá Póllandi af kjötiðnaðarmönnum og kjötskurðarmönnum, þar sem ekki er nægt framboð af íslenskum menntuðum einstaklingum í þessi störf hér á landi.

(Kjötiðnaðarmaður / kjötskurðarmaður styttri leið til starfsréttinda. Kjötiðnaðarmaðurinn býr allt til og er í vöruþróun á meðan kjötskurðamaðurinn er bara að skera niður kjötið.)

Síðastliðin tvö ár, þ.e.a.s. í Covid ástandinu, varð meira brottfall nemenda af matvælabrautunum en bóknámsbrautunum. Það skýtur dálítið skökku við þar sem gera hefði mátt ráð fyrir að einstaklingar skiluðu sér frekar í nám þegar að veitinga- og ferðaiðnaðurinn dróst mikið saman af völdum veirunnar. En sú varð ekki raunin. Sé litið til sl. 10 ára hefur þó aðsókn í matreiðslu aukist.

Hér áður fyrr var stundum erfitt að fyrir nemendur að klára nám vegna örðugleika við að komast á starfssamning hjá atvinnurekendum. Nú ættu þessir erfiðleikar að vera úr sögunni, þar sem verið er að breyta reglum um vinnustaðanám. Nemendur sem ekki ná að fá samning við fyrirtæki geta farið svokallaða skólaleið og útskrifast.

Að sögn skólameistara eru kennararnir við matreiðslubrautirnar flestir í mjög góðu samstarfi við atvinnulífið. Atvinnulífið þyrfti þó að hlúa betur að kynningu á þessum námsbrautum til að tryggja að nægt framboð sé að fagmenntuðu fólki hér á landi til að sinna þessum störfum.

## Þróun og ýmis tækifæri

Stöðugt eru störf að breytast. Með nýrri tækni og breyttum áherslum eru ný störf að verða til og önnur að hverfa t.d. þar sem ný tækni er að breyta starfsháttum og mannshöndin að verða óþörf. Sjálfsafgreiðsla af ýmsu tagi og snjalllausnir að taka við sbr. afgreiðsla á kössum í verslunum, sjálfsafgreiðsla í bókasöfnum, verslun á netinu, fjarlækningar, þjónusta í gegnum netspjall o.s.frv. Með allskonar stafrænni tækni hefur orðið gífurleg þróun á stuttum tíma og erum við nú stödd á tímum mikilla breytinga hvað varðar störf og þjónustu sem stafræn tækni er að skapa.

Vaxandi áherslur eru á ákveðna þætti í atvinnustarfsemi hér á landi;

- Upplifunariðnaður
- Sjálfbærni/betri nýting afurða/hringrásarhagkerfið/umhverfissjónarmið
- Orkutengd verkefni
- Nýstárleg matvælaframleiðsla
- Snjalllausnir
- Heilsu- lífstíls- og lífsgæða sjónarmið. Með hækkandi aldri þjóðarinnar er áhersla á hvernig við getum aukið lífsgæði okkar og viðhaldið góðri heilsu til lengri tíma.

Í 9. gr laga nr. 25/2021 um opinberan stuðning við nýsköpun kemur fram að ráðherra sé heimilt að gera samninga við opinbera aðila eða einkaaðila um framkvæmd ýmissa verkefna á sviði nýsköpunar, svo sem samninga um rekstur stafrænna smiðja, sk Fab lab, stafrænna smiðja.

Fab lab (Fabrication Laboratory ) stafræn smiðja, er samkvæmt hugmyndafræði frá MIT smiðja búin tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjur gefa ungum sem öldnum einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Nú eru starfræktar 7 slíkar smiðjur á landinu. Vel færi á því að kanna að setja upp slíka smiðju í stækkuðu Skóp – Nýsköpunarsetri Kópavogs.

## Fjármál

Gerð er þriggja ára áætlun varðandi næsta skref Skóp. Áætlunin er milliskref frá núverandi stöðu og gæti verið undanfari að uppbyggingaáætlun varðandi Skóp - Nýsköpunarsetur Kópavogs í sambýli við hátækniklasa.

Núverandi staða og forsendur:

- Núverandi: styrkur frá Kópavogi í Skóp 9 milljónir á ári. (stendur undir starfsmanni í 75% starfi)
- Húsnæðiskostnaður í dag 240 þúsund þar af vsk. um 50 þúsund. 190 + vsk.
- Frumkvöðlar í opnu rými eru nú að greiða kr. 10.000 á mánuði en áætlað er sú upphæð hækki í 15.000 þegar flutt verður í stærra og hentugra húsnæði.
- Gert er ráð fyrir að næstu tvö árin verði Skóp í 250 m<sup>2</sup> rými en verði komið í fulla stærð í um 500 m<sup>2</sup> húsnæði á árinu 2025.
- Lagt er til að Kópavogur greiði styrk sem nemi 1 starfsmanni í fullu starfi, auk þess að leggja til framlag til húsnæðis.
- Gert er ráð fyrir að opinberir nýsköpunarsjóðir og samstarfsaðilar muni styðja við reksturinn.

### Samandregin fjárhagsáætlun

<b>Rekstrarreikningur</b>	2023	2024	2025
Tekjur	26.424.750	26.424.750	36.408.750
Rekstrarkostnaður	26.390.389	26.390.389	35.464.774
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	34.361	34.361	943.976
<b>Efnahagsreikningur</b>	2023	2024	2025
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.552.004	1.164.008	776.012
Veltufjármunir	1.204.079	1.654.915	3.032.849
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.756.083</b>	<b>2.818.923</b>	<b>3.808.861</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
Eigið fé	2.553.583	2.616.423	3.606.361
Skuldir	202.500	202.500	202.500
Samtals skuldir og eigið fé	2.756.083	2.818.923	3.808.861

## Stofnefnahagur

Gert er ráð fyrir að kaupa verði viðbótarbúnað í skrifstofu og kaffistofu en er háð aðstöðu sem verður í boði. Gert er ráð fyrir að Kópavogsbær leggi til framlag vegna þessa.

### Eignir

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir	0
Tæki og vélar	
Bifreiðar	
Skrifborð 10 - 80.000	800.000
Stólar 20 - 20.000	400.000
Prentarar 2 - 120.000	240.000
Búnaður í kaffistofu	500.000

#### Veltufjármunir

Handbært fé	560.000
Skammtímakröfur	
Birgðir	

**Eignir samtals** 2.500.000

### Skuldir og eigið fé

Eigið fé	
Hlutfé	
Stofnframlag Kópavogsbæjar	2.500.000
Framlag fyrir rekstur á eigin kt.	
Annað eigið fé	0

**Eigið fé samtals** 2.500.000

### Skuldir

#### Langtímaskuldir

Lánveitandi	Upphæð	Vextir	Heildarfjöldi afborgana	Fyrsta greiðsla

#### Skammtímaskuldir

Víðskiptaskuldir	
Lán frá eiganda	
Ógreiddur kostnaður	

**Skuldir samtals** 0

**Samtals skuldir og eigið fé** 2.500.000

## Rekstraráætlun

Í áætluninni er gert ráð fyrir 250 m<sup>2</sup> húsnæði árin 2023 og 2024, með opið rými fyrir 20 þátttakendur og með 8x15 m<sup>2</sup> skrifstofur fyrir frumkvöðlafyrirtæki auk kaffi- og setustofu. Mánaðargjald fyrir opið rými verður 15.000,- kr. og leigugjald fyrir minni skrifstofurnar verður 2.200 kr./m<sup>2</sup>. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að setrið verði komið í fulla stærð, um 500 m<sup>2</sup> og að þá bætist við 10x20 m<sup>2</sup> skrifstofur fyrir frumkvöðlafyrirtæki og að leigugjald verði 3.200 kr./m<sup>2</sup> fyrir þær. Í áætluninni er gert ráð fyrir 75% nýtingarhlutfalli.

### Rekstrarreikningur

	2023	2024	2025
<b>Tekjur</b>			
Leigutekjur frumkvöðlar .....	5.076.000	5.076.000	5.076.000
Leigutekjur frumkvöðlafyrirtæki .....	0	0	5.184.000
Framlag Kópavogsbæjar vegna 1 starfsmanns .....	14.148.750	14.148.750	14.148.750
Samstarfs og styrktaraðilar .....	7.200.000	7.200.000	12.000.000
Samtals	<u>26.424.750</u>	<u>26.424.750</u>	<u>36.408.750</u>

### Rekstrarkostnaður

#### Breytilegur kostnaður

Breytilegur kostnaður sem hlutfall af sölu .....	0	0	0
Breytilegur kostnaður annar .....	0	0	0
Samtals	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

#### Fastur kostnaður

Laun og launatengd gjöld .....	14.148.750	14.148.750	14.148.750
Kostnaður við húsnæði .....	9.596.203	9.596.203	18.654.748
Skrifstofukostnaður .....	757.440	757.440	773.280
Bírfreiðakostnaður .....	0	0	0
Markaðskostnaður .....	1.200.000	1.200.000	1.200.000
Kaffistofa .....	300.000	300.000	300.000
Samtals	<u>26.002.393</u>	<u>26.002.393</u>	<u>35.076.778</u>

Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta	422.357	422.357	1.331.972
--	---------	---------	-----------

Afskriftir	387.996	387.996	387.996
Samtals gjöld fyrir fjármagnsliði og skatta	<u>26.390.389</u>	<u>26.390.389</u>	<u>35.464.774</u>

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	<u>34.361</u>	<u>34.361</u>	<u>943.976</u>
--	---------------	---------------	----------------

#### Fjármunatekjur og fjármunagjöld

Vaxtatekjur	19.222	28.479	45.963
Vaxtagjöld	0	0	0
Samtals	<u>19.222</u>	<u>28.479</u>	<u>45.963</u>

Rekstrarafkoma fyrir skatta	53.583	62.840	989.939
Tekjuskattur	0	0	0

<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<u><u>53.583</u></u>	<u><u>62.840</u></u>	<u><u>989.939</u></u>
---------------------------	----------------------	----------------------	-----------------------



## Efnahagur

Efnahagsreikningurinn sýnir þann búnað sem keyptur verður í viðbótarhúsið. Búnaðurinn er afskrifaður um 20% á ári. Undir liðnum eigið fé kemur framlag vegna búnaðarins.

## Efnahagsreikningur

	2023	2024	2025
<b>Eignir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Fasteignir .....	0	0	0
Tæki og vélar .....	0	0	0
Bifreiðar .....	0	0	0
Skrifborð 10 - 80.000 .....	640.004	480.008	320.012
Stólar 20 - 20.000 .....	319.996	239.992	159.988
Prentarar 2 - 120.000 .....	192.000	144.000	96.000
Búnaður í kaflistofu .....	400.004	300.008	200.012
.....	0	0	0
Samtals	<u>1.552.004</u>	<u>1.164.008</u>	<u>776.012</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé	1.204.079	1.654.915	2.436.282
Skammtímaskröfur	0	0	0
Birgðir	0	0	0
Samtals	<u>1.204.079</u>	<u>1.654.915</u>	<u>2.436.282</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>2.756.083</u>	<u>2.818.923</u>	<u>3.212.294</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé	0	0	0
Styrkir og önnur óendurkræf framlög í byrjun	2.500.000	2.500.000	2.500.000
Framlag fyrir rekstur á eigin kt.	0	0	0
Annað eigið fé	53.583	116.423	509.794
Samtals	<u>2.553.583</u>	<u>2.616.423</u>	<u>3.009.794</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir	0	0	0
Næsta árs afborganir	0	0	0
Samtals	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir	0	0	0
Lán frá eiganda	0	0	0
Ógreiddur kostnaður	202.500	202.500	202.500
Næsta árs afborganir	0	0	0
Reiknuð fjárför	0	0	0
Reiknaðir skattar	0	0	0
Samtals	<u>202.500</u>	<u>202.500</u>	<u>202.500</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<u>202.500</u>	<u>202.500</u>	<u>202.500</u>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<u>2.756.083</u>	<u>2.818.923</u>	<u>3.212.294</u>

## Sjóðstreymi

Sjóðstreymið sýnir jákvætt handbært fé í lok hvers árs.

### Sjóðstreymi

	2023	2024	2025
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	53.583	62.840	393.372
Afskriftir	387.996	387.996	387.996
<b>Veltufé (til) frá rekstri</b>	<b>441.579</b>	<b>450.836</b>	<b>781.368</b>
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	0	0	0
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	202.500	0	0
Breyting á rekstrar. eignum og skuldum samtals	202.500	0	0
<b>Handbært fé (til)frá rekstri</b>	<b>202.500</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Fasteignir	0	0	0
Tæki og vélar	0	0	0
Bifreiðar	0	0	0
Skrifborð 10 - 80.000	0	0	0
Stólar 20 - 20.000	0	0	0
Prentarar 2 - 120.000	0	0	0
Búnaður í kaffistofu	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Ný langtímalán	0	0	0
Afborgun af langtímalánum	0	0	0
Greiddur arður til hluthafa	0	0	0
Innborgað nýtt hlutfé (nafnvirði)	0	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>644.079</b>	<b>450.836</b>	<b>781.368</b>
<b>Handbært fé (fjárbörf) í byrjun tímabils</b>	<b>560.000</b>	<b>1.204.079</b>	<b>1.654.915</b>
<b>Handbært fé (fjárbörf) í lok tímabils</b>	<b>1.204.079</b>	<b>1.654.915</b>	<b>2.436.282</b>

### Kennitölur

	2023	2024	2025
Veltuþjárlutfall .....	5,95	8,17	12,03
Eiginþjárlutfall .....	93%	93%	94%
Veltuhraði fjármagns .....	9,59	9,37	11,15
Arðsemi eigin fjár .....	2,1%	2,4%	13,1%
Arðsemi heildarfjármagns .....	1,9%	2,2%	12,2%

## Frumkvöðlasetur

Markmið með rekstri frumkvöðlasetra er að skapa kjöraðstæður og virkt samfélag til að efla nýsköpun og sprotastarfsemi. Það þarf að huga að nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífisins og leggja sérstaka rækt við frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er engin tilviljun að margar þjóðir hafa lagt mikla áherslu á vöxt og velgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem þau fyrirtæki skapa verðmæt ný störf byggð á þekkingu og hugviti. Breytingar í alþjóðlegu umhverfi, nýjar áherslur í loftlagsmálum, betri nýtingu hráefna og stafræn þróun hafa leitt til enn meiri áherslu á frumkvöðla og sprotastarfsemi. Það eru engin ný sannindi að nýsköpun er undirstaða hagvaxtar og það þarf hagvöxt til að viðhalda og auka enn á velsæld og velmegun í sátt við umhverfið.

### **Aðstaða á Frumkvöðlasetri:**

Reynslan hefur sýnt að faglegur stuðningur á fyrstu stigum reksturs sprotafyrirtækja skiptir sköpum. Því þarf að hlúa vel að frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum og skapa þeim gott vinnuumhverfi og auðveldan aðgang að mikilvægum upplýsingum og faglegri aðstoð. Til að frumkvöðlasetur virki eins og til er ætlast, eins og skapandi suðupottur sprotafyrirtækja og frumkvöðla, þurfa ákveðnir þættir að vera til staðar og virka. Það er ekki nægilegt að bjóða upp á góða skrifstofuaðstöðu heldur þarf samfélagið á setrinu að vera dýnamískt og frumkvöðlar og fyrirtæki að hafa eitthvað þangað að sækja auk þess að gefa af sér inn í samfélagið. Inni á frumkvöðlasetrum þarf að vera ákveðinn massi af einstaklingum og aðstaða til að einstaklingarnir eigi samneyti hver við annan þvert á fyrirtæki og starfsemi.

Öflugur leiðtogi með einlægan, brennandi áhuga, þarf að stýra starfsemi setursins. Leiðtoginn þarf að sjá um að allir innri þættir virki auk þess sem hann leggur sitt að mörkum til að aðstoða frumkvöðla og fyrirtæki á setrinu við að ná sínum markmiðum. Leiðtoginn heldur utan um tengslanet setursins út á við og inn á við. Kemur að fræðslumálum, viðburðum, upplýsingagjöf, handleiðslu, markaðsmálum og innri samverustundum.

Frumkvöðlasetur þurfa að bjóða upp á góða aðstöðu og faglega aðstoð. Það sem er nauðsynlegt að hafa til staðar er:

- Leiga á skrifstofuaðstöðu gegn vægu gjaldi.
- Leiga á rannsóknar- / framleiðslu- / frumgerðarsmíða aðstöðu.
- Aðgengi að fundaraðstöðu
- Góðar nettengingar
- Góð kaffiaðstaða
- Fagleg ráðgjöf allt frá hugmynd að hagnaði.
- Skapandi umhverfi
- Öflugt tengslanet

- Fræðslufyrirlestrar og upplýsingagjöf um þætti sem skipta máli til að viðeigandi árangur náist.

Til að frumkvöðlasetur nái árangri varðandi eflingu nýsköpunar og þróttmikilli starfsemi frumkvöðla og sprotafyrirtækja þá þarf þar að vera fyrir hendi sá jarðvegur sem skapandi fólk og fyrirtæki geta vaxið og dafnað í með aðkomu faglegrar aðstoðar og stoðumhverfisins.

## Aðgerðaráætlun

- Áætlun verður kynnt fyrir stjórn Markaðsstofu Kópavogs og kallað eftir hennar samþykki og/eða breytingatillögum.
- Áætlun kynnt fyrir kjörnum fulltrúum Kópavogsbæjar.
- Stefna að því að gera a.m.k. 3 ára samning við Kópavogsbæ þar sem Kópavogur tryggir laun eins starfsmanns auk framlags til húsnæðis.
- Fara strax í virka húsnæðisleit til að stækka megi setrið.
- Funda með fulltrúum Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins varðandi mögulegan flutning Tækniseturs og starfseminnar að Keldnaholti í Kársnesið innan ákveðinna tímamarka.
- Innsigla samstarfssamning við Menntaskólann í Kópavogi og skoða sameiginlega uppsetningu á stafrænni smiðju (Fab Lab).
- Ráða starfskraft sem getur komið að uppbyggingastarfi samkvæmt þessari áætlun, liðsinnt frumkvöðlum og fyrirtækjum á setrinu ásamt því að sinna ákveðnum verkefnum fyrir Markaðsstofu Kópavogs.
- Funda með aðilum sem hafa með málefni Salarins, Gerðasafns og Bókasafn Kópavogs að gera til að kanna möguleika á samnýtingu á hluta þess húsnæðis.
- Funda með mögulegum samstarfs- og styrktaraðilum.
- Skoða þau atriði sem ætlunin er að leggja áherslu á varðandi nýja sóknaráætlun landshluta.

## Samantekt og lokaorð

Umhverfi nýsköpunar hér á landi er fjölbreytt en að margra mati dálítið flókið. Fjölmargir aðilar, bæði opinberir og í einkageiranum koma að aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki á ýmsan hátt og víða er hægt að sækja um styrki og upplýsingar. Eftir að frumkvöðlasetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands voru lögð niður, þ.e. setur þar sem frumkvöðlar og fyrirtæki gátu komið inn á og fengið faglega aðstoð og aðstöðu við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og stuðning við uppbyggingu á fyrstu skrefum, fækkaði möguleikum frumkvöðla til að komast inn á setur verulega. Í gegnum árin hefur það verið margsannað bæði hér heima og erlendis að fyrirtæki eiga mun auðveldara með að vaxa, dafna og ná markmiðum sínum innan slíkra setra.

Atvinnu og nýsköpunarsetrið Skóp hefur verið starfrækt í rúmt ár með góðum árangri og ánægju viðskiptavina, en plássleysi og smæð setursins háir því. Fyrirtæki hafa ekki möguleika á að vaxa innan setursins og þar er ekki aðstaða fyrir aðeins lengra komin fyrirtæki. Það þarf stærra og fjölbreyttara húsnæði til að geta haft meiri og fjölbreyttari starfsemi í gangi.

Nú þarf að líta fram á veginn og hugsa stærra. Meirihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs hefur samkvæmt málefnasamningi bæði metnað og burði til að gera enn betur í málefnum nýsköpunar, frumkvöðla og fyrirtækja í bæjarfélaginu. Með því að stækka Skóp nú þegar og vinna síðan markvisst að uppbyggingu öflugs nýsköpunar- og hátækni-seturs á Kársnesi verður Kópavogur enn eftirsóttari staður fyrir nýskapandi fólk og fyrirtæki í framtíðinni.